

Nd.

226. Frumvarp til laga

[107. mál]

um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI.

Um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1949 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum nái kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr dýrtíðarsjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. skal einungis taka til fiskis, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

5. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1948 til 1. sept. 1949 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

6. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáiast fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyriræli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutar-sjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skil-yrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niður-færslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkis-stjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegs-menn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur stað-fest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

10. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og hinn frá Fiski-félagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

11. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánunum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávar-afurðum til útflutnings, ekki vera hærrí en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

II. KAFLI

Um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að útgerðarmönnum og útgerðar-fyrirtækjum, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948, verði veitt að nokkru eða öllu:

1. Uppgjöf á innleystum sjóveðskrófum og öðrum lögveðskrófum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85 15. des. 1948.
2. Uppgjöf á lánunum samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sömu laga, og
3. Uppgjöf á lánunum, sem þeim voru veitt úr ríkissjóði vegna aflabrests á sumar-síldveiðum 1945 og 1947.

13. gr.

Skilyrði fyrir uppgjöf krafna og skulda samkvæmt 12. gr. eru þessi:

1. Að útgerðarmaður sækí um aðstoð og sé að dómi skilaneftdar, sem getur í 5. gr. laga nr. 85 15. des. 1948, vel hæfur til að reka útgerð.
2. Að útgerðarmaður hafi látið skilaneftnd í té fullkomna greinargerð, undirritaða að viðlögðum drengskap, um fjárhag sinn og maka síns, svo og veiti henni færi á að láta kunnáttumenn meta eignir sínar.
3. Að skilaneftnd telji útgerðarmanni ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka útgerð á heilbrigðum grundvelli án aðstoðar.

4. Að útgerðarmaður komist að samningum við lánardrottna sína um nægilegan afslátt, að dómi skilaneftndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að áframhaldandi rekstur verði rekinn á fjárhagslega tryggum grundvelli.

14. gr.

Frá því skuldunautur hefur óskað aðstoðar skilaneftndar og þangað til skilaneftnd hefur afgreitt mál hans, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Ef í ljós kemur eftir að skilaneftnd hefur staðfest samning hans við lánardrottna, að útgerðarmaður hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er skilaneftnd heimilt að neita honum um aðstoð samkvæmt 12. gr.

15. gr.

Jafnskjótt sem skilaneftnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til skilaneftnd hefur afgreitt mál hans. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta þennan tíma. Nú takast eigi samningar, og bú útgerðarmanns er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er skilaneftnd afgreiddi mál hans, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefur brotið gegn ákvæðum 14. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram, samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skilaneftnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til hún afgreiðir mál hans, telst ekki með fyrningartíma skuldar, vixilréttar né neinna réttargerða.

16. gr.

Ráðherra ákveður, hvenær skuldaskilum samkvæmt lögum þessum skuli lokið.

17. gr.

Nú kemst útgerðarmaður ekki að samkomulagi við lánardrottna sína um þá niðurfærslu skulda sinna, sem skilaneftnd telur nauðsynlega, þá getur ríkisstjórnin samkvæmt tillögum skilaneftndar sett reglugerð um skuldaskil útvegsmanna, er sildveidar stunduðu sumarið 1948.

Skal í reglugerðinni kveðið á um:

1. Innköllun skuldheimtumanna og ábyrgðarmanna, að viðlögðum kröfumissi, ef kröfum er ekki lýst innan tiltekens frests.
2. Vald skilaneftndar til að semja frumvarp til skuldaskila.
3. Heimild meiri hluta þeirra lánardrottna, er sækja fund, er skilaneftnd boðar til, til þess að samþykkja frumvarp til skuldaskila, þannig að aðrir lánardrottnar séu við það bundnir, og að skuldunautur sé leystur undan að greiða þann hundraðshluta hvernar samningskröfu, sem undan er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.
4. Að samningar haggi eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefur sett fyrir kröfum á hendur skuldunaut.
5. Að samningur hafi engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:
 - a. Skuldir tryggðar með veði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins að dómi skilaneftndar eða sérstakra tveggja matsmanna, tilnefndra af skilaneftnd. Ef skuld er hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati þessu, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.

- b. Forgangskröfur samkv. 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
6. Nánari ákvæði um allt, er lýtur að framkvæmd skuldaskilanna.

III. KAFLI Um dýrtíðarsjóð.

18. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði innanlands.

19. gr.

Dýrtíðarsjóði skal afla tekna á þann hátt, sem segir í 20.—31. gr.

20. gr.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, skal greiða 6% söluskatt. Heildsala er undanþegin söluskatti samkvæmt 21. grein og tekur hún aðeins til venjubundinna umboðslauna, en ekki til neinnar þóknunar, sem telja má, að komi í stað venjulegrar álagningar, svo sem þóknunar fyrir umsjón með vinnu.

Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

21. gr.

- Af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja skal greiða söluskatt sem hér segir:
- Af smásölu 2%.
 - Af annarri sölu 3%.

Skattskyldan tekur jafnt yfir sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist. Skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs kostnaðar og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Þá skal og meðtalin sá hluti veltu, er stafar af einkanotkun atvinnurekanda.

22. gr.

- A. Eftirtaldar vörur eru undanþegnar söluskatti:
- Mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, kjöt, fiskur, egg og óunnið slátur, svo og fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð.
- B. Eftirtalin sala er undanþegin söluskatti samkvæmt 21. gr.:
- Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
 - Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
 - Viðgerð á skipum.
 - Húsaleiga.
 - Iðgjaldtekjur váttryggingarféлага.
 - Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef söluskattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vítað, hvort söluskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar

skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður öll skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

23. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt 21. gr. laga þessara, skulu innan tveggja vikna frá 30. júní 1949 senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á fyrra misseri ársins og innan tveggja vikna frá 30. september og 30. desember 1949 um sölu á hvoru þriggja mánaða tímabilinu. Þessir aðilar ákveða síðan söluskatt fyrra misserisins fyrir lok júlímánaðar 1949, síðara misserisins fyrir lok októbermánaðar 1949 og janúarmánaðar 1950. Skattur af sölu fyrra misserisins skal síðan greiddur til innheimtumanna ríkissjóðs 1. ágúst 1949, en hins síðara 1. nóvember 1949 og 1. febrúar 1950. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, $\frac{1}{2}\%$ á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

Peir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun söluskatts, sem á þá hefur verið lagður, geta kært álagninguna til skattstjóra eða skattanefndar innan 10. næsta mánaðar, eftir að skatturinn var lagður á. Skattanefnd eða skattstjóri skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum skattstjóra og skattanefnda má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 10 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

Áfrýjun skattaálagningar frestar ekki eindaga skattsins, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

24. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

25. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

26. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda og vissar vörutegundir og þjónusta, auk þess, sem áður er nefnt, skuli undanþegið söluskatti, ef álagning skattsins og innheimta hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Einnig er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ríkisstofnanir eða aðrir skattfrjálsir aðilar, sem selja sams konar vörur eða þjónustu sem þá, er um ræðir í 21. gr., skuli greiða söluskatt samkvæmt lögum þessum.

Loks má ráðuneytið með reglugerð ákveða, að á síðasta gjalddaganum samkvæmt 23. gr. megi innheimta allan söluskatt ársins, ef um smávægilegan rekstur er að ræða.

27. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

28. gr.

Af tolltekjum þeim, sem ráðgerðar verða í fjárlögum ársins 1949, skulu 22 milljónir króna renna í dýrtíðarsjóð.

29. gr.

Viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi skal greiða:

- a) af innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum 100% af leyfisfjárhæð;
- b) af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 75% af leyfisfjárhæð;
- c) af innflutningsleyfum fyrir bílum 50% af leyfisfjárhæð;
- d) af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%.

Gjöld þessi skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna.

30. gr.

Greiða skal gjald, 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum inn-
anlands.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig meta skuli verð bifreiðanna.

Gjaldið skal lögreglustjóri innheimta um leið og bifreiðin er skrásett á nafn
hins nýja eiganda, enda skal vera lögveð í bifreiðinni.

31. gr.

Leyfisgjöld samkvæmt 14. gr. laga nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutnings-
verzlun og verðlagseftirlit, skal innheimta á árinu 1949 með 100% álagi og minnsta
gjald vera 2 kr. Tekjur þær af gjöldum þessum, er meiru kunna að nema en kostnaði
af fjárhagsráði og framkvæmd nefndra laga, renna í dýrtíðarsjóð.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ábyrgð rikissjóðs á útfluttum fiski og útfluttu kjöti samkvæmt lögum nr. 128
1947, um dýrtíðarráðstafanir, tók einungis til framleiðslu ársins 1948. Eins og at-
vinnulífi og fjárhagslífi þjóðarinnar nú er háttað, verður ekki hjá því komizt að
framlengja ábyrgð rikissjóðs á fiskverðinu til framleiðenda á sama hátt og gert var
1948. Hins vegar þykir ekki kleift, eins og hag rikissjóðs er komið, að hækka ábyrgð-
arverðið þrátt fyrir kröfur útvegsmanna. Annars er I. kafla frumvarpsins að mestu
sniðinn eftir IV. kafla laga nr. 128/1947.

Afgreidd hafa verið lög um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sum-
arið 1948. Óhjákvæmilegt þykir að veita heimild til að veita uppgjöf að öllu eða
nokkru leyti á lánum þeim, sem útvegsmönnum verða veitt samkv. þeim lögum og
þeim hefur verið veitt með svipuðum hætti vegna síldarbrestsins allt frá 1945. Gert
er ráð fyrir, að útvegsmenn sjálfir reyni fyrst til þrautar að ná samkomulagi við
lánardrottina sína. Ef þeim tekst það ekki, er ráðherra veitt heimild til með reglugerð
að kveða á um skuldaskil þeirra útvegsmanna, er teljast hæfir til að halda áfram
útgerð.

Til þess að standa straum af gjöldum þeim, er ráðstafanir I. og II. kafla laga-
frumvarps þessa hafa í för með sér, svo og til, að lækka verð á nauðsynjavörum

innanlands, er lagt til, að stofnaður verði svonefndur dýrtíðarsjóður, og er gert ráð fyrir, að honum sé aflað tekna á þann hátt, sem segir í III. kafla frumvarpsins.

Ákvæði 20.—27. gr. koma í stað VII. kafla laga nr. 128 1947 og laga nr. 43 1948. Skattur sá, sem getur í greinunum, skal álagður árið 1949 og er hækkaður um helming frá því, sem var 1948, en er skipt niður með nokkuð öðrum hætti. Nokkuð fleira er undanþegið skattinum en var í lögum, er giltu 1948. Áætlað er, að söluskatturinn nemi 34 milljónum króna, eins og tekið er fram í fjárlagafrumvarpinu. Samkvæmt 28. gr. skulu 22 milljónir króna af tolltekjum á árinu 1949 renna í dýrtíðarsjóð. Gert er ráð fyrir, að greiðslur úr dýrtíðarsjóði á árinu 1949 muni nema um 70 milljónum króna, og er tilætlunin að afla þeirra tekna, sem á vantar til að standa straum af þessum greiðslum, með þeim hætti, sem segir í 29. og 30. gr.